

HÚSÖNDIN

52.tbl. 2.árg.
27.feb.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 28. FEBRÚAR-6.MARS

- 1.3 *Ellert Aðalgeir Hauksson, Ele Malm,*
- 2.3 *Veleslava Ilieva Bokman*
- 3.3 *Eva Humlová*
- 4.3 *Álfþís Sigurveig Stefánsdóttir, Ómar M. H. Zariroh*
Roman Czeslaw Kudziejewicz

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar

Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar
verður haldinn í Skjólbrekki
Miðvikudaginn 6. mars kl 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Nýjir félagar velkomnir
kveðja
Stjórnin



Samráð um mótun atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Vatnajökulsþjóðgarði hefur frá upphafi verið ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins en sérstakt ákvæði þess efnis kom inn í lög um þjóðgarðinn við breytingu árið 2016.

Stjórn þjóðgarðsins vinnur nú að mótun atvinnustefnu og vill tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila við mótun hennar, samhliða vernd þjóðgarðsins.

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við alla þá sem nýta þjóðgarðinn beint eða óbeint til atvinnusköpunar. Þeim og öðrum sem áhuga hafa er boðið til samráðsfunda þar sem efnisatriði atvinnustefnunnar verða rædd.

Fundir verða haldnir á öllum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins, auk þess sem haldinn verður einn fundur í Reykjavík. Að auki verður boðið upp á vefkönnun þar sem leitað er eftir sjónarmiðum um sömu efni og tekin verða til umræðu á samráðsfundum. Nánari upplýsingar um samráðsfundina og vefkönnunina er að finna á vef þjóðgarðsins, www.vjp.is.

Samráðsfundir verða haldnir sem hér segir:

Reykjavík, Hótel Natura við Nauthólsveg, 21. febrúar kl. 15-17
Smyrlabjörgum, 25. febrúar kl. 15 - 17
Vík í Mýrdal, Kötlusetri, 27. febrúar kl. 15-17
Egilsstöðum, Hótel Héraði, 28. febrúar kl. 16-18
Húsavík, Fosshótel, 5. mars kl. 15-17

Vefkönnunin verður opin frá 21. febrúar til 7. mars.



Aðalfundur Mývetnings

Aðalfundur Mývetnings verður haldinn í Sel Hóтели
þann 4. mars næstkomandi.

Fundurinn byrjar klukkan 20:00.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.
Hlökkum til að sjá sem flesta.

Stjórn Mývetnings

HÁSKÓLANEMAR Í SUMARSTÖRF VIÐ RANNSÓKNIR

Pekkingarnetið stendur ár hvert fyrir rannsóknaverkefnum sem unnin eru á sumrin í samstarfi við háskólanema. Verkefnin eru ýmist að frumkvæði stofnunarinnar, og tengjast þá rannsóknum sem verið er að vinna að, eða verkefni sem nemendur sjálfir hafa frumkvæði að. Algengt er að háskólanemar úr heimahéraði sjá tækifæri í því að kynna störfum við rannsóknir með þessum hætti, ásamt því að geta dvalið á heimaslóð yfir sumarið.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa til margra ára stutt við verkefni af þessu tagi með hlutdeild í fjármögnun launakostnaðar fyrir nemendurna.

Við hvetjum áhugasama háskólanema til að hafa samband sem fyrst við Pekkingarnetið til að ráðrúm gefist til að leita áhugaverðra verkefna til sumarsins. Sérstaklega er vakin athygli á því að háskólanemar geta haft starfsaðstöðu víða á starfssvæðinu við verkefni af þessu tagi, m.a. í Menntasetrinu á Þórshöfn og Pekkingarsetrinu Mikley í Mývatnssveit þar sem heilsársstarfsmenn PP starfa, eða á öðrum stöðum þar sem Pekkingarnetið starfar s.s. á Raufarhöfn, Bakkafirði, Kópaskeri eða á Laugum. Einnig skal bent á að til greina kemur að vinna í hlutastarfi eða hluta sumars.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Grétu Bergrúnu og/eða

Helenu Eyðisi á netföngin greta@hac.is og helena@hac.is eða í síma 464 5100.





Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum

– Ókeypis rútuferð á laugardaginn -

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð er á laugardaginn, 2. mars.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 2. mars n.k. Ókeypis er í rúttuna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rúttuna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Fyrirkomulagið hefur þegar tekið gildi. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 9:30
- Laugardaga -14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.



Landsvirkjun

HÚSEININGAR TIL SÖLU

Fjölbreyttir notkunarmöguleikar

2ja og 3ja herbergja íbúðir, skrifstofur og skáli



Íbúðareiningar á Þeistareykjum
og í Bjarnarflagi á Norðurlandi

Skrifstofueiningar á Þeistareykjum
og í Búðarhálsi

Skáli í Búrfelli á Suðurlandi

Allar nánari upplýsingar gefa söluaðilar:

Domusnova fasteignasala

Oscar Clausen, löggiltur fasteignasali / 861 8466 / oc@domusnova.is

Garðatorg eignamiðlun

Sigurður Tyrfingsson, löggiltur fasteignasali / 898 3708 /

sigurdur@gardatorg.is Hlynur Bjarnason / 697 9215 / hlynur@gardatorg.is

Kæru sveitungar.

Sá orðrómur um að ég sé hættur öllu er ekki réttur.

Ég seldi húsnæðið á Múlavegi 1 og er hættur þar.

Er með aðstöðu á Sniðlavegi .

Bílaleigan og smá flutningar eru enn til og mun ég sjá um það sjálfur að auglýsa lokun á minni starfssemi.

Virðingarfyllst,

Karl Viðar. Gsm 848-2678

Dear residents,

The rumour about me quitting isn't true.

I sold my housing at Múlavegi 1 and I'm done there.

But I have facility now at Sniðlavegi.

My car rental is open and some transportation is available. When I quit I will personally publicize the closure of my operation.

Best regards,

Karl Viðar, 848-2678

Drodzy mieszkańcy.

Ta plotka o tym, że ze wszystkim skończyłem nie jest prawdą.

Sprzedłem pomieszczenie na Múlavegi 1 i już tam nie pracuję .

Jestem na ulicy Sniðlavegi.

Wynajęcie samochodów oraz małe transporty nadal są aktualne.

Sam zajmę się ogłoszeniem końca mojej pracy.

Z poszanowaniem,

Karl Viðar 848-2678



Sölvi Tryggva með fyrirlestur í Skjólbrekku á sunnudaginn

Sölvi Tryggvason gaf nýverið út bókina *Á Eigin Skinni* sem er afrakstur áratugsvegferðar hans um allt sem snýr að heilsu. Eftir að hafa sjálfur misst heilsuna neyddist Sölvi til að gerast sérfræðingur í heilsu og hefur á undanförunum árum lært af framúrskarandi fólki um allan heim, auk þess að gera endalaust af tilraunum á sjálfum sér þegar kemur að kælingu, föstum, næringu, hreyfingu, bætiefnum og fleiru og fleiru.

Á fyrirlestrinum verður farið yfir lykilatriði þegar kemur að næringu, hreyfingu, hugleiðslu og öndun, föstum og leiðir til að bæta svefn, heilastarfsemi og draga úr bólgum og ójafnvægi í líkamskerfinu.

Tímsetning: Skjólbrekka sunnudaginn 3. mars kl. 20:00.
Aðgangur ókeypis.

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag

Brúðkaup! á Breiðumýri

Gaman-drama með tónlist og tilheyrandi

Höfundur: Guðmundur Ólafsson - Leikstjóri: Vala Fannell –
Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Það er í gangi Brilljant brúðkaup á Breiðumýri! – næstu sýningar eru sem hér segir:

7. sýning – fimmtudagur 28. febrúar kl. 20:30 – nokkrir miðar lausir
8. sýning – sunnudagur 3. mars kl. 20:30
9. sýning – miðvikudagur 6. mars kl. 20:30 – örfáir miðar lausir
10. sýning – föstudagur 8. mars kl. 20:30
11. sýning – laugardagur 9. mars kl. 16:00 – nokkrir miðar lausir
12. sýning – föstudagur 15. mars kl. 20:30
13. sýning – laugardagur 16. mars kl. 16:00 - uppselt
14. sýning – sunnudagur 17. mars kl. 20:30

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá miðann á 2000 kr.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrétt á kr. 3900.- Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti. Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

**Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á
leikdeild@leikdeild.is**

Álagning fasteignagjalda 2019



Álagningu fasteignagjalda fyrir 2019 í Skútustaðahreppi er lokið.

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert.

Álagningaseðillinn 2019 er birtur rafrænt á **www.island.is** og sendur út í pósti á næstu dögum. Fasteignagjöld eru innheimt með rafrænum greiðsluæðlum sem hægt er að greiða í netbanka.

Fasteignaeigendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum eða boðgreiðslur af greiðslukortum. Ekki er veittur staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum.

Fasteignagjöld 2019:

Fasteignaskattur A 0,625% af fasteignamati

Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald 0,15% af fasteignamati.

Holræsagjald 0,225% af fasteignamati.

Lóðaleiga kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 25.000 verða alls 10, sá fyrsti 1. mars 2019. Gjalddagi gjalda undir kr. 25.000 verður 1. maí 2019.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.975.000 kr.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.001 til 5.750.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.975.001 til 7.750.000 kr.

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.750.001 til 6.680.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.750.001 til 8.250.000 kr.

Elli- og örorkulífeyrisþegum er bent á að skila inn skattframtali fyrir 2018, þegar það liggur fyrir, á hreppsskrifstofu.

Álagning fasteignagjalda á fasteignir sem leyfi hafa til reksturs gististaða:

Ef afnotum fasteignar sem metin er sem ein heild er á þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka, sbr. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 að viðbættu álagi sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 sem Skútustaðahreppur hefur nýtt sér. Skal eiganda veittur andmælaréttur áður en hlutfallsleg skipting er ákveðin í upphafi eða henni breytt.

Rotþróagjald:

Fyrir hverja fasteign innan marka Skútustaðahrepps með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Skútustaðahrepps, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4.gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Fjárhæð árgjalds miðast við að mat og tæming rotþróar eigi sér stað þriðja hvert ár.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við losun á þriggja ára fresti:

- 0-4000 lítrar 15.000.
- 4001-6000 lítrar 20.000 kr.
- 6000 lítrar og yfir: 1.800 kr. fyrir hvern rúm. umfram 6000 lítra

Endurkomugjald (þ.e. ef ekki er búið að greiða aðgengi og undirbúa þró fyrir tæmingu) er 50% álag miðað við stærð þróar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatnefndar. Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi og rotþróargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Frekari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda eru veittar á heimasíðu sveitarfélagsins: **www.skutustadahreppur.is**. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið **halla@skutustadahreppur.is** eða hringja í síma **464 4163**.

Skútustaðahreppi, 27. febrúar 2019

Sveitarstjóri